

Fundargerð – 574. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sf. var haldinn miðvikudaginn 29. október 2025, kl. 16:30 í fundarsal Kölku í Helguvík.

Mættir: Önundur Jónasson, Eiður Ævarsson, Steinþór Þórðarson, Ingbór Guðmundsson, Svavar Grétarsson og Eva Rún Barðadóttir.

Aðrir: Halldór Eiríksson fjármála- og skrifstofustjóri Kölku var viðstaddur umfjöllun um fyrsta lið dagskrár.

Dagskrá:

1. Áætlun Kölku fyrir 2026
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Önnur mál

1. Áætlun Kölku fyrir 2026

Framkvæmdastjóri og fjármála- og skrifstofustjóri kynntu lokadrög áætlunar til samþykktar. Meðal þess sem fram kom:

- Launaáætlun fyrir 2026 endurspeglar kjarasamningsbundnar launahækkanir og fjölgun stöðugilda.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun og framkvæmdastjóra falið að senda hana áfram til sveitarfélaga.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir það sem stóð upp úr frá síðasta fundi. Brennslan hafi gengið vel síðan eftir viðgerð en neyðarskorsteinn hafi opnast einu sinni og atvikið tilkynnt til viðeigandi aðila.

3. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerði tillögu að styrk til starfsmannafélagsins sem var samþykktur.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 17:50.
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 9. desember 2025.

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson

Eva Rún Barðadóttir

Steinþór Þórðarson